

8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu rennur til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. er bæjarstjórn heimilt að láta greiða gjald í bæjarsjóð.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma sölustaða í Ólafsfirði nr. 276/1986.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júní 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.

1. gr.

Hættumat.

Meta skal hættu af snjóflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku.

Hættumatið skal ná til byggðra svæða og svæða sem skipulögð eru eða skipuleggja á fyrir byggð, mannvirki eða umferð og útivist fólks á vetrartíma.

Niðurstöður hættumats skal afmarka á kort í mælikvarða 1:5000 og aðalskipulagsuppdrátt viðkomandi byggðar. Hættumatinu skal fylgja greinargerð þar sem fram komi:

1. Reikningslegar forsendur og önnur þau gögn sem matið byggist á.
2. Þær sögulegu forsendur sem framangreindir útreikningar byggjast á.

Endurprentað blað.

3. Tölfræðileg líkindi þess að hættumatið sýni þá hámarksskriðlengd snjóflóða sem búast megi við á 100, 300, 500 og 1.000 ára fresti eða fyrirvarar varðandi líklegan endurkomutíma.

Megin niðurstöður ofangreindra atriða skal færa inn á hættumatskort.

Taka skal fullt tillit til hættumats við skipulagningu nýrra svæða og skal matið lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögum.

Hættumat skal lagt til grundvallar við gerð neyðaráætlana.

Almannavarnir ríkisins annast gerð hættumats og neyðaráætlana.

2. gr.

Gagnasöfnun.

Áður en hættumat er gert skal safna saman eftirfarandi lágmarksgögnum um viðkomandi byggðarlag og nálæg svæði:

1. Gera skal kort í mælikvarða 1:5000 yfir svæði sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr. sem sýni landslag upp á efstu fjallsbrúnir og inn á aðliggjandi snjósöfnunarsvæði.
2. Safna skal gögnum um snjóflód á viðkomandi svæði og í námunda við það, með því að kanna ritaðar heimildir, tala við heimamenn og leita eftir merkjum um snjóflód í landinu. Skrá skal sem nákvæmastar upplýsingar um allt er varðar snjóflód og veðurfarslegar forsendur þeirra, og talið er skipta máli.
3. Kanna skal á vettvangi framburð flóða, sár í jarðvegi og gróðri, og ljósmynda snjóflóðafarvegi.

Niðurstöður gagna skulu dregnar á kort í mælikvarðanum 1:5000 þar sem fram komi bæði þekktir og líklegir snjóflóðafarvegir, mörk þeirra og skriðlengd.

Telja skal snjóflód og skriðlengd þess þekkta þegar stuðst er við mælingar á snjóflóði eða þegar mörk snjóflóðs eru afdráttarlaust afmörkuð af þekktu kennileiti og staðfest af sjónarvotti eða annarri öruggri samtímaheimild.

Önnur mörk snjóflóða sem heimildir eru til um, skulu dregin á kort sem líkleg.

3. gr.

Snjóflóðasvæði.

Snjóflóðasvæði eru afmörkuð með svonefndri grunnlínu sem hér segir:

1. Dregnar eru útlínur þekktra snjóflóða samkvæmt skilgreiningu 3. mgr. 2. gr.
2. Dregnar eru útlínur líklegra snjóflóða samkvæmt skilgreiningu 4. mgr. 2. gr.
3. Afmarkaðir eru aðrir farvegir þar sem talið er að snjóflód geti hlaupið fram.
4. Stærð snjóflóðafarvega skv. 1., 2. og 3. lið er metin á eftirfarandi hátt með reiknilíkönnum sem viðurkennd eru af Almannavörnum ríkisins:
 - a. Notuð eru þekkt snjóflód til að finna reiknistuðla til notkunar í reiknilíkani, með því að aðlaga þá að mestu þekktri skriðlengd.
 - b. Reiknistuðlar þekktra flóða eru færðir milli farvega með sambærileg skilyrði og þannig fundin skriðlengd í hverjum farvegi.
 - c. Breidd snjóflóða er áætluð samkvæmt landslagi eða reiknuð.

Ef snjóflóðasaga byggðarlags er ófullnægjandi skal meta snjóflóðafarvegi, snjósöfnun þeirra og annað það sem getur haft áhrif á skriðlengd snjóflóða. Velja skal reiknistuðla fyrir þessa farvegi með hliðsjón af sambærilegum farvegum á öðrum snjóflóðasvæðum. Um þessa farvegi gilda að öðru leyti ákvæði þessarar greinar.

4. gr.

Reiknilíkön.

Við útreikninga skal nota reiknilíkön sem viðurkennd eru af Almannavörnum ríkisins hverju sinni.

Almannavarnir ríkisins skulu hafa samráð við Veðurstofu Íslands varðandi viðurkenningu á reiknilíkönum.

Rökstuddar reikningslegar forsendur skulu koma fram fyrir hvern farveg, svo og reiknaður hraði snjóflóðsins í einstökum viðmiðunarpunktum þess í ferlinum.

Komi fram munur á skriðlengdum snjóflóða sem ákvarðast skv. 3. gr., eftir því hvers konar reiknilíkan er notað, skal fylgja ítarlegur rökstuðningur fyrir þeim skriðlengdarmörkum sem notuð eru í hættumati.

5. gr.

Skilgreining hættusvæða.

Í hættumati eru skilgreind tvenns konar hættusvæði og skulu þau auðkennd með rauðum og gulum lit á hættumatskorti og skipulagsupprætti.

Hættusvæði afmarkast þannig:

1. Mörk rauðs svæðis fylgja grunnlínu snjóflóðs, sbr. 3. gr., en í tungu þess markast þau þó af línu þar sem ástreymisþrýstingur hornrétt á stefnu flóðs reiknast 10 kPa, og er þá miðað við að snjóflóðið hafi eðlismassann 350 kg/m^3 .
2. Gult svæði tekur við af rauðu og skal aldrei vera mjórri en 50 m mælt hornrétt á grunnlínu. Í tungu flóðs skal draga mörkin neðan grunnlínu, í fjarlægð frá henni sem nemur hálfri vegalengd milli grunnlínu og neðri marka rauðs svæðis, hvort tveggja mælt lárétt. Nái breidd guls svæðis í tungu snjóflóðs, þannig ákveðin, ekki 50 m, gilda ákvæði um lágmarksbreidd. Aukist halli verulega í tungu snjóflóðs innan guls svæðis neðan grunnlínu, eins og það er skilgreint hér á undan, skulu áhrif þess sérstaklega metin við ákvörðun á neðri mörkum gula svæðisins.
3. Verði fjarlægð milli gulra svæða sem liggja samhliða niður hlíð minni en 100 m má líta á svæðið milli þeirra sem gult hættusvæði.

6. gr.

Rauð hættusvæði.

Á hættusvæðum sem merkt eru með rauðum lit á hættumatskorti og skipulagsupprætti, gilda þessar reglur um nýtingu:

1. Nota má rauð hættusvæði undir skipulagða starfsemi sem fram fer utan þess árstíma sem hætta er á snjóflóðum. Einnig má vera starfsemi á skíðasvæðum sem liggja inni á rauðum hættusvæðum, sé stöðugt fylgst með snjóflóðahættu. Skylt er að hafa viðbúnað til að koma viðvörðunum á framfæri til fólks innan skíðasvæða og til að vara fólki við þegar hætta er á snjóflóðum. Rýma skal hættusvæði meðan snjóflóðahætta vofir yfir. Einnig er skylt að hafa til staðar neyðaráætlun sem tekur til leitar og björgunar á fólki sem lendir í snjóflóðum á svæðinu. Skíðaskála eða aðrar byggingar sem nota á til gistingar eða samkomu fólks má ekki byggja á hættusvæðum.
2. Heimilt er að nota rauð hættusvæði undir ýmis veitumannvirki, sem eru starfrækt mannlau, svo og samgöngumannvirki, enda séu tók á að loka fyrir umferð fólks

um hættusvæðið þegar snjóflóðhætta skapast. Slík mannvirkjagerð skal hlíta skilyrðum annarra laga og reglugerða sem um hana gilda, svo sem byggingarlaga og byggingarreglugerðar.

7. gr.

Gul hættusvæði.

Á hættusvæðum sem merkt eru með gulum lit á hættumatskortum og skipulagsupprætti, gilda þessar reglur um nýtingu:

1. Ekki má byggja mannvirki sem draga að sér fjölmenni á vetrartíma vegna viðskipta, skólalahalds, samkomuhalds eða íþróttaiðkana annarra en vetraríþróttar.
2. Þegar vetraríþróttir eru stundaðar inni á gulum hættusvæðum gilda sömu ákvæði og í 1. tölul. 6. gr.
3. Heimilt er að byggja önnur mannvirki en getið er í 1. tölul. ef sýnt er fram á að þau standist 10 kPa áraun snjóflóðs þvert á stefnu flóðsins á þann flöt sem næst stendur upptökum þess. Er þá miðað við eðlismassa skv. 1. tölul. 5. gr. Þegar slík heimild er gefin í skipulagi skal kveðið nánar á um þau skilyrði sem mannvirki skuli fullnægja að öðru leyti, svo sem um aðgengi í vari fyrir snjóflóðum.

8. gr.

Rýming hættusvæða.

Þegar snjóflóðahætta skapast á hættusvæðum sem merkt eru með rauðum og gulum lit, skal tafarlaust koma viðvörðun til þeirra sem þar eru, rýma svæðin og loka þeim fyrir allri umferð fólks, samkvæmt neyðaráætlunum Almannavarna ríkisins.

Heimilt er að rýma stærra svæði en skilgreint hættusvæði, sé ástæða til að mati lög-
reglustjóra.

9. gr.

Breyting á mörkum hættusvæða og varnarvirki.

Falli snjóflóð á svæði sem ekki var metið sem hættusvæði, skal það skoðað strax sem rautt hættusvæði. Jafnframt skal síðan endurmeta mörk hættusvæða í sveitarfélaginu, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Breyta má mörkum hættusvæða með því að gera varnarvirki sem hægja á snjóflóðum og stytta þannig skriðlengd þeirra, eða breyta stefnu. Einnig má breyta mörkum hættusvæða með því að byggja varnarvirki, sem eru nægilega öflug til að varna því að skrið hefjist á upptakasvæði flóðs.

Varnarvirki sem byggð eru ofan við upptakasvæði snjóflóða og ætlað er að breyta væntanlegri snjósöfnun á upptakasvæðinu, breyta ekki mörkum hættusvæðis.

Þegar mörk hættusvæða breytast vegna varnarvirkja skal merkja varið svæði á hættumatskortum og skipulagsupprætti með svartri skástríkun, en láta grunnlitina rautt og gult vera áfram á upprættinum og kortinu.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja og að virkni þeirra rýrni ekki. Almannavarnir ríkisins geta breytt mörkum hættusvæða ef gildi varnarvirkja hefur rýrnað.

10. gr.

Nýting varinna hættusvæða.

Varin svæði má nýta fyrir byggð, að fengnu samþykki Almannavarna ríkisins.

Meta skal snjóflóðahættu fyrir varin svæði og gilda þá ákvæði 8. gr. um rýmingu þeirra, eftir því sem við á.

11. gr.

Ágreiningsefni.

Rísi ágreiningur vegna reglugerðar þessarar sker félagsmálaráðherra úr, að fenginni um-sögn Almannafræðisins og viðkomandi sveitarstjórnar.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í sveitarfélögum þar sem hættumat hefur farið fram, skal það endurskoðað á grundvelli þessarar reglugerðar svo fljótt sem við verður komið.

13. gr.

Gildistaka.

Ofangreindar reglur sem settar eru af Almannafræðisins skv. 3. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28, 4. júní 1985, sbr. lög nr. 50, 7. mars 1995, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um hættumat vegna snjóflóða, nr. 347, 23. júní 1988.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1995.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

SAMÞYKKT

um búffjárhald á Dalvík.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búffjárhaldi á Dalvík, koma í veg fyrir ágang búffjár á lóðir bæjarbúa og vernda gróður í landi kaupstaðarins. Samþykktin á einnig að tryggja að hús fyrir búpening, umhverfi þeirra og önnur aðstaða sé þrífaleg og í samræmi við kröfur opinberra yfirvalda.

2. gr.

Búffjárhald (alifugla, geita, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína) er óheimilt í Dalvíkurkaupstað, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

Öll lausanganga búffjár í landi Dalvíkur utan lögbýla er óheimil.

3. gr.

Nefnd skipuð þrem fulltrúum, einum frá Dalvíkurkaupstað ásamt trúnaðarmönnum búffjäreigenda, sbr. 10. gr. samþykktarinnar, skal gera tillögu til bæjarráðs um hámarksfjölda búffjár í landi Dalvíkur.